

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Hinn 30. júlí 1996 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á Norðurlandasamningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu sem gerður var í Arendal 14. júní 1994. Samningurinn öðlast gildi 1. október 1996. Alþingi hafði með lögum nr. 66/1996 samþykktum 22. maí 1996 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samkvæmt 2. gr. laganna hafa ákvæði samningsins lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með lögnum í A-deild Stjórnartíðinda.

Við gildistöku þessa samnings fellur úr gildi síðasti málslíður 30. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 29/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. ágúst 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um samning um einkaréttarleg áhrif af brotnámi barna til flutnings milli landa.

Hinn 14. ágúst 1996 var hollenska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um einkaréttarleg áhrif af brotnámi barna til flutnings milli landa sem gerður var í Haag 25. október 1980. Alþingi hafði með ályktun 22. maí 1996 heimilað að Ísland gerðist aðili að samningnum. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember 1996.

Við afhendingu aðildarskjalsins voru af Íslands hálfu gerðir tveir fyrirvarar við samninginn. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og fyrirvararnir sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR um einkaréttarleg áhrif af brotnámi barna til flutnings milli landa.

CONVENTION on the Civil Aspects of International Child Abduction

Þau ríki sem undirritað hafa þennan samning,

sem eru eindregið þeirrar skoðunar að hagsmunir barna skipti mestu máli þegar fjallað er um forsjá þeirra og

vilja veita börnum alþjóðlega vernd fyrir skaðlegum áhrifum þess að þau séu flutt á brott með ólögmætum hætti eða haldið á ólögmætum

The States signatory to the present Convention,

Firmly convinced that the interests of children are of paramount importance in matters relating to their custody,

Desiring to protect children internationally from the harmful effects of their wrongful removal or retention and to establish procedures